



## Boðskort

---

Bjarni Benediktsson – Stjórn­mál – Utanríkisráðherra – Utanríkis­mál – Boðskort – NATO – Inngangan í NATO - His Britannic Majesty's Ambassador and Lady Franks - The Secretary of State - The President and Mrs. Trumann – Bandarí­kinn – Bandaríska Sendiráðið – Bretland – Breska Sendiráðið

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórn­málamaðurinn  
Askja 2-10, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudaginn 12. Janúar 1949 kom Anderssen-Rysst, sendiherra Norðmanna, á skrifstofu mína samkvæmt beiðni sinni og átti viðtal við mig og forsætisráðherra.

Erindi hans var að skýra okkur frá skeyti, sem honum hafði borizt frá Noregi, utanríkisráðuneytinu, og hafði verið lagt fyrir hann að segja forsætisráðherra og mér frá efni skeytisins í algjörum trúnaði. Las hann skeytið fyrir okkur.

Aðalefni þess, <sup>sem</sup> að á fundinum í Karlstað, sem nýlokið er og bar sem mættir voru forsætisráðherrar Noregs, Svíbjóðar og Danmerkur, utanríkisráðherrar og hermálaráðherrar landa þessara, hafði verið rætt um hervarnarbandalag Norðurlanda, þ.e.a.s. þessara þriggja ríkja. Tekið var fram, að á fundinum hafi komið fram mikill skoðanamunur um þetta efni á milli Norðmanna annarsvegar og Svía hinsvegar. ~~Þessi~~ Norðmenn héldu því fram, að stofna átti varnarbandalag þessara þriggja ríkja, sem tengt væri Norður-Atlantshafsbandalaginu. Danir höfðu sett fram bá miðluartillögu, að Bandalagið væri stofnað og skyldi hvert einstakt bandalagsríki ráð<sup>la</sup> því, hvort það tæki þátt í Norður-Atlantshafsbandalaginu eða ekki. Þessi miðlunartillaga hafði þó ekki fengið neinn hljómgrunn hjá Svíum, sem vildu láta stofna varnarbandalag Norðurland<sup>a</sup>, sem regional-samning innan takmarka sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Væri það bandalag ekki í neinum tengslum við Norður-Atlantshafsbandalagið og engir meðlimir Norðurlanda-bandalagsins væri heldur meðlimur í Norður-Atlantshafsbandalaginu.

Þrátt fyrir þenna skoðunamun náðist þó samkomulag á fundinum um yfirlýsingu milli þessara þriggja ríkja, þess efnis, að mögulegt væri að stofna varnarbandalag Norðurlandanna, <sup>sem</sup> sem ríkin brjú hétu hverju öðru hernaðaraðstoð ef á þau væri ráðist, og voru þó undantekin þeirri skuldbind<sup>a</sup>



ingu Føreyjar, Grænland, Jan Mayen og Spitzbergen, þannig að þó að á þessa landshluta væri ráðist kámi varnarbandalagið ekki til greina.

Berum orðum var tekið fram, að Svíar mundu hvorki nú né síðar taka þátt í Norður-Atlantshafsbandalaginu. Var svo að skilja, að þeir mundu ekki gerast aðilar að Norðurlandabandalagi ef hin ríkin tækju þátt í Norður-Atlantshafsbandalaginu. Ákveðið var að spyrjast fyrir um það í Washington og London, hvort að stjórnirnar þar hefðu áhuga fyrir, að Norðurlöndin gerðu slíkt bandalag sín á milli og ef svo væri, hvort að þær mundu þá veita slíku bandalagi þá aðstoð, sem nauðsynleg væri, fjárhag og tæki, b.á.m. nauðsynlegan forgangsrétt um afhendingar.

Ákveðið var að hinn 10.-12. janúar skyldi máli þetta rætt í utanríkismálanefndum landanna, í Noregi þó í specialkommitteen, og var tekið fram af sendiherranum að það væri vegna þess, að þar ætti enginn kommúnisti sæti, en í norsku utanríkismálanefndinni væri kommúnistar.

Ef niðurstaðan yrði sú af þessum bollaleggingum, að haldandi væri áfram með umræður um varnarbandalag Norðurlanda á þessum grundvelli, skyldi síðan, þann 13., sendiherrar Noregs og Danmerkur, láta það uppi í Washington og London, að lönd þeirra óskuðu ekki eftir að fá boð um þátttöku í Norður-Atlantshafsbandalaginu á meðan samningnum um varnarbandalag Norðurlanda stæði.

Þá var ráðgert, að fundur forsætis-, utanríkis- og hermálaráðherra ásamt sex bingmönnum úr hverju ríki, skyldi verða í Kaupmannahöfn 22. janúar. Síðan skyldi málið rætt við þingflokka og loks skyldi í janúar-lok verða fundur - reglulegur utanríkisráðherrafundur - í Oslo, þar sem einnig væri haft samráð við forsætis- og hermálaráðherra, en auk þess skyldu þar koma sendiherrarnir í London, Washington og Moskva.

Sendiherrann lét uppi að þessi reglulegi utanríkisráðherrafundur mundi aðeins vera fundur þessara þriggja ríkja



án þess hann vissi það glögglega.

Eftir að Anderssen-Rysst hafði lesið skeytið fyrir okkur ræddum við nokkuð um efni þess fram og aftur. Eg lét uppi að mér sýndist sænska sjónarmiðið <sup>hafa ástíðan á</sup> á Karlstaðfundinum. Anderssen-Rysst taldi það ekki vera, heldur hitt líklegra að Norðmenn og Danir vildu í lengstu lög halda í Svía og gera ítrustu tilraunir til að ekki slitnaði upp úr samningum milli þessara ríkja. Hann taldi áhuga Norðmanna fyrir Norður-Atlantshafsbandalaginu svo mikinn, að vart væri líklegt að þeir létu undan skoðun Svía í þessu.

Forsætisráðherra benti á <sup>á</sup> umsögn Vesturveldanna um afstöðu þeirra til hvílls varnarbandalags mundi þó væntanlega hafa mikil áhrif í þessu efni og var Anderssen-Rysst sammála því. Annars skýrði hann okkur frá viðtali Lange utanríkisráðherra við "Arbeiderbladet" í Oslo 1. eða 2. janúar, þar sem hann hefði mjög eindregið látið uppi, að Noregur byrfti að vera í heildarsamtökum þeirra ríkja, sem hugsuðu og hegðuðu sér á sama veg og Norðmenn. Hefði þar einnig komið fram, að hann vildi samvinna við Ísland. Enn sagði hann, að síðar hefði <sup>í</sup> Arbeidetbladet birst greinar eftir áberandi norska stjórnálamenn úr verkamannaflokknum þar, eins og Colbjørnsen, sem áður hefði hneigst mjög til samvinna við Rússa en héldi því fram, að <sup>eina</sup> ráðið til friðunar heiminum væri stofnun sterks Norður-Atlantshafsbandalags.

Anderssen-Rysst spurði okkur, hvort Íslendingar hefðu fengið nokkra vitneskju frekar að vestan. Eg sagði að úr því að Norðmenn hefðu sýnt okkur þann trúnað að skýra okkur frá þessu væri rétt, að við segðum honum frá, að í síðustu viku hefði ég fengið fyrirspurn um, hvernig við mundum svara ef okkur yrði boðið. Þetta væri nú til athugunar og mundum við sennilega bráðlega, e.t.v. þegar í dag, svara á bá leið, að við yrðum að fá nánari vitneskju um málið áður en við gætum tekið afstöðu til þess. Þetta væri honum sagt í mesta trúnaði.



Hann gerði ráð fyrir því að Norðmenn hefðu þessar fregnir um málaleitun til okkar þegar frá Washington, vegna þess að sendiherra þeirra bar fylgilst mjög vel með og sagði ég þá, að sendiherra Norðmanna bar hefði einmitt sagt sendiherra okkar tveim eða þrem dögum áður en við fengum þessa málaleitun, að hún væri væntanleg. ~~XXXXXXXXXX~~

Ræddum við síðan nokkuð um afstöðu Íslands í þessu efni og sögðum við forsætisráðherra báðir við sendiherrann, að ekki væri vafi á, að afstaða Noregs mundi geta haft áhrif á hverja ákvörðun Íslendingar tækju um þátttöku í bandalaginu. Hann spurði, hvort ~~þ~~ hann mætti segja frá þessum orðum okkar og töldum við ekkert því til fyrirstöðu, að hann segði að við hefðum sagt þetta við hann. Hitt væri annað mál, sem hann yrði að gera sér ljóst, að afstaða Íslendinga væri auðvitað undir ýmsu öðru komin einnig, og þetta væri eitt af því, sem líklegt væri að hafa áhrif á okkar afstöðu. Lét hann sér það fyllilega skiljast en sagðist mundu koma skoðun okkar um þýðingu afstöðu norsku stjórnarinnar áleiðis til hennar og því, að við værum þakklátir fyrir þessa vitneskju og legðum mikið upp úr, að halda kontakt við nokrsu stjórnina í þessum eignum.

*Philben*



Miðvikudaginn 12. janúar 1949 kom sendiherra Bandarík-  
anna, Mr. Butrick, á skrifstofu mína samkvæmt beiðni minni.

Las ég þá upp fyrir honum <sup>minn</sup> ~~því~~ svar og óformlegt  
við minnisblaði Bandaríkjastjórnar frá 5. þ.m. um Norður-  
Atlantshafsbandalagið og lét ég sendiherrann fá afrit  
þess er ég sagði. Tilskýringar lagði ég áherzlu á, að  
Íslendingar væri minna inni í þessu máli en stjórnir þeirra  
ríkja, sem unnið hefðu að þessu tiltekna máli í marga  
mánuði, hefðu auk þess mikla æfingu í utanríkismálum og  
hermálum umfram Íslendinga, en þetta mál væri nýtt fyrir  
okkur og við þar að auki einangraðir hér og hefðum enga  
hermálaþekkingu. Af þessum sökum væri eðlilegt að við  
þörfnuðumst nánari skýringa.

Ef verulegur áhugi væri hjá hinum þátttökuríkjunum  
fyrir þátttöku Íslands mundi mér sýnast eðlilegt að ein-  
hverjir menn, sem verulega hefðu að þessu máli unnið,  
ættu samræður við Íslendinga eða fulltrúa þeirra, einhverja  
áhrifamikla menn um þetta efni. Væri hægt að koma því  
við, hvort heldur að Íslendingar færu eitthvert annað til  
viðræðna um þessi efni, einungis ef ekki bæri of mikið á  
því eða einhverjir, t.d. fulltrúar frá Bandaríkjamönnum  
og Bretum, sem að þessu hefðu unnið, kæmu hingað og ræddu  
hér við áhrifamenn um þessi efni.

Eins legðum við mikið upp úr að hafa samráð við Norður-  
landaríkin tvö, sem tilgreind væru og upp úr afstöðu þeirra.

— Aðlunin með þessari orðsendingu væri ekki að aftaka  
um þátttöku í þessu bandalagi heldur að opna dyrnar fyrir  
umræðum um það en með þeirri varðö, að Íslendingar tæki  
engar skuldbindingar á sig fyrr heldur en þeir jafnóðum vissu  
hvað í þeim fælist. Staða Íslands væri líka sérstæð, vegna  
þess að við hefðum beyg af að hafa hér erlendan hér



á friðartímum, en þá kæmi hitt, hvort þá væri nokkuð öryggi í þessum samningi ef engar varnir ættu sér stað. Allt þetta yrði að meta, en bó væri sú skoðun ákaflega rík, bæði hjá fylgjendum ríkisstjórnarinnar ~~XXXX~~ og ~~innar~~ stjórnarinnar sjálftrar, að það væri of dýru verði keypt að láta hermenn dvelja hér á friðartímum <sup>því það</sup> vegna þess öryggi, sem við slíkt fengist.

Öll þessu atriði yrðu best rædd og skilin í slíkum umræðum, sem ég hefði stungið upp á og sýndist mér því rétt að vinna að því að koma þeim á. Að svo stöddu vildi ég ekki frekar gera tillogur hvernig þeim yrði fyrirkomio, það mætti athuga það frekar ef stjórn hans og þeim sem að þessum málum ynnu hjá hinum stjórnunum, þætti þess vert að koma slíkum samtölum á.

Sendiherrann sagði lítið um þetta en lét bó uppi, að líklegast væri að einhverjir Íslendingar færu til Bandaríkjanna til umræðna þar, vegna þess að þar væri nú til-athugunar þetta mál.

<sup>Þó nokkur væri</sup> ~~áð~~ ~~áð~~ menn frá London og Washington kæmi hér og var það látið standa opið, <sup>en</sup> <sup>en</sup> <sup>en</sup> lét á mér skilja, at sá bestu þætti: mér betri.

Hyðben



(Lesið upp fyrir Mr. Butrick 12. janúar 1949.  
Hann fékk afrit.)

The Government of Iceland will not be able to determine its position with regard to the participation of Iceland in the conclusion of a North Atlantic Treaty until more concrete information is available concerning the increased security for Iceland implied in such a treaty as well as the obligations arising therefrom. It would therefore be advantageous if these matters, together with the special position of Iceland, could be clarified in unofficial exploratory talks between the Government of Iceland and representative or representatives of the Governments who for a considerable period of time have been working on this proposal.

The Government of Iceland would also be interested in discussion this problem with the Governments of Denmark and Norway in view of the close ties existing between those countries and Iceland.



Fimmtudaginn 27. janúar 1949 átti ég tal, samkvæmt beiðni minni, við Gustav Rasmussen, utanríkisráðherra Dana, á skrifstofu hans. Hann sagði þegar í stað, að hann hefði haft mikið að gera undanfarna daga og hefði enn, og tók síðan að segja mér, án þess að ég spyrði, frá samningaumleitunum um varnarbandalag Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar. Hann taldi, að samningaumleitarnar hefðu leitt til þess, að sjónarmið hinna þriggja ríkja hefðu nálgast. Aðalskoðunarmanurinn nú væri sá, að Norðmenn vildu ekki ganga í þetta varnarbandalag nema því aðeins, að tryggt væri að vesturveldin, þ.e. Bandaríkin, létu þeim í té vopn, veitti þeim aðstoð í stríði og þar að auki gæfu einskonar garantiur um hjálp þeim til handa, ef á þá yrði ráðist. Svíar teldu þörf á vopnum frá Bandaríkjunum og hefðu ekki á móti að biðja um þau, en teldu ástæðulaust að biðja um þau fyrr en bandalagið væri komið á laggirnar, en væri á móti því að biðja um nokkurar garantiur, enda mundu Bandaríkin - hvað sem öllum fyrirfram samningum liði - koma Norðurlöndunum til hjálpar, ef á þau yrði ráðist. Danmörk vildu umfram allt koma Norðurlanda-bandalagi á og teldi það höfuðvinning, að Svíar vildu yfirleitt vera með í slíku bandalagi. Hann sagði, að sjónarmið dönsku stjórnarinnar kæmu fram í grein, sem í morgun hefði britst í "Socialdemokraten".

Aðspurður af mér svaraði hann, að nánast mætti segja, að sjónarmið dönsku og sænsku stjórnarinnar nú væri hin sömu.

Hann sagði, að verið gæfi, að fleiri fundir yrðu haldnir um málið heldur en Oslo-fundurinn. Danir teldu slíkt nýtsamlegt og vildu umfram allt koma í veg fyrir, að upp úr slitnaði. Hann sagði, að á þessum fundum hefði ekki verið rætt um afstöðu til Norður-Atlantshafsbandalagsins, en



auðvitað hefði hver stjórn fyrir sig hugsað það mál. Norðmenn mundu ganga í bandalagið, ef upp úr slitnaði, Svíar áreiðanlega ekki. Danir væru óákveðnir, en sjálfur sagðist hann gera ráð fyrir, að hann myndi ekki mela með inngöngu í bandalagið og hafði þó á því ýmsa fyrirvara, sagði skoðanamun milli dönsku stjórnsmálaflokkanna um þetta. Hægri og vinstri flokkarnir hafa nokkurn veginn sömu afstöðu og Norðmenn, en mjög margir væru þeirrar skoðunar, að Danir ættu ekki að taka þátt í bandalagi þessu. Auk þess sagði hann dönsku stjórnina ekki vita nóg um, hvað í Norður-Atlantshafs-sáttmálanum mundi felast, en taldi augljóst, að ef byrja ætti á fundum um hvað gera ætti einhverju ríki til hjálpar eftir að á það væri ráðist, þá mundi það verða of seint fyrir Danmörku, því að þá mundi vera búið að taka hana. Ég sagði, að Ísland hvorki vildi né gæti haft áhrif á hvað hin Norðurlöndin gerðu, en við hefðum áhuga fyrir, að ef samningar um Norðurlandabandalagið færi út um þáfur, og ef Noregur og Danmörk hefðu þá viðræður um þátttöku í Norður-Atlantshafsbandalaginu, að hafa samráð við þau, enda teldi Ísland sig enn of lítið vita um þær ráðagerðir til að geta tekið afstöðu til þeirra. Rasmussen spurði að vísu, hver afstaða íslensku stjórnarinnar mundi verða, og hlustaði á ummáli mín um, að við vilðum hafa samráð við þá hina í þessu tilfelli, en ekki virtist mér hann leggja mikið upp úr því, en ég sagði, að auðvitað færi afstaða íslensku stjórnarinnar að lokum eftir því, hvaða skyldur Ísland yrði að taka á sig, ef það gengi í Norður-Atlantshafsbandalagið, og hvert aukið öryggi það fengi. Rasmussen sagði, aðspurður af mér, að ekki væri hægt að segja, að Bandaríkin hefðu reynt að beita nokkurri pressu á Danmörku um þátttöku í Norður-Atlantshafsbandalaginu, aðeins hefði sendiherrann sagt, að þeir gætu þá ekki búist við vopnum, að minsta kosti ekki í fyrstu, en úr því vildi Rasmussen lítið gera, því að bæði þyrfti Danmörk lítið af vopnum á bandarískan



mælikvarða, og Danir mundu hvort eð ekki fá vopn þaðan fyrstu 2 árin. Þá taldi Rasmussen vera nú heldur friðvænlegri en áður í alþjóðamálum. Ekki sagði hann að Rússar hefðu heynt að hafa nein áhrif á þá, heldur aðeins hefði þaðan heyrst almennur propaganda.

Auk þessa máls drápum við í samtalinu aðeins á Grænlandsmálið og skýrði ég nefndarskipunina í því. Auk þess kvartaði ég yfir afstöðu Dana í París til togarakaupa okkar í Englandi. Rasmussen kannaðist við það, hélt að þegar væri búið að kippa því í lag, en lofaði að athuga það.

-----  
Fostudaginn 28. janúar 1949 kl. 9½ f.h. átti ég tal við hr. Halvard Lange, utanríkisráðherra Norðmanna, á skrifstofu hans í Oslo, samkvæmt beiðni minni. Lange átti mjög annríkt. Átti eftir stutta stund að fara á fund með miðstjórn flokks síns.

Lange sagði mér, að hann byggist við, að ekki yrði samkomulag um skandinavískt varnarbandalag nema því aðeins, að Bandaríkjastjórn hefði breytt um afstöðu frá því sem verið hefði, en í morgunblöðunum þennan dag væri skýrt frá, að hugsanlegt væri að Bandaríkin mundu láta slíkt skandinavískt varnarbandalag fá vopn, ef það yrði myndað.

Hr. Lange sagði, að þetta kæmi algjörlega í bága við þær fregnir, sem hann hefði haft síðast frá sendiherra Bandaríkjaanna í Oslo daginn áður. Nú hefði hann látið spyrja um þetta á ný og ef engin breyting yrði, teldi hann litlar sem engar líkur, að úr skandinavíska barnarbandalaginu yrði. Þá þyrftu Norðmenn eftir viku eða hálfan mánuð að segja til um, hvort þeir vildu taka þátt í samningunum um stofnun Norður-Atlantshafsbandalags. Taldi hann allar líkur til, að svo yrði, en þó mundi það nokkuð fara eftir því, hvað í þessum samningum felist. T.d. mundu Norðmenn ekki samþykkja



að hafa herstöðvar í landi þeirra á friðartímum. Hitt teldu þeir mjög miklu máli skipta, að áður en til ófriðar kæmi, væri búið að gera ráð fyrir, hvernig aðstoð Vesturveldanna yrði háttað. Skildist mér að synjun Svía á því, að slíkar ráðagerðar ætti sér stað, væri ein höfuð ástæðan fyrir því, að ekki myndi samkomulag verða.

Eins hafði ráðherrann daginn áður haldið ræðu um málið í norska Stórþinginu og vékum við að henni. Sagði ráðherrann að þar kæmi skoðun sín og stjórnarinnar fram.

Þá sagði ráðherrann, að nekkur skoðanamunur væri innan norska verkamannaflokksins um afstöðuna til Norður-Atlantshafsbandalags, og gæti sé skoðanamunur orðið stjórninni mjög örðugur. Að vísu væri vitað, að yfirgnafandi meiri hluti þings væri með Norður-Atlantshafsbandalagi, en þessi skoðanamunur innan stjórnar flokksins gæti ef til vill kostað hann meirihluta afstöðu við kosningar.

Hann sagði og, að hugsanlegt væri, að Rússar réðust á Noreg á tímabilinu frá því að Norðmenn segðust vera reiðubúðir til samninga um þessi efni og þangað til að Bandalagið væri komið á, og þyrftu Norðmenn að tryggja sig eftir föngum og fá aðstoð ef til slíks kæmi. Framhjá þessum möguleika væri ekki alveg hætt að líta.

Ég sagði ráðherranum, að íslenska stjórnin hvorki vildi né gæti haft nokkur áhrif á norsku stjórnina um hverja ákvörðun hún tæki, en ef Norðmenn hefðu í athugun þátttöku í Norður-Atlantshafsbandalagi hefði íslenska stjórnin áhuga fyrir að fylgjast með því og hafa samvinnu við norsku stjórnina ef til kæmi. Væri hugsanlegt, að sérstakir menn kæmi til Noregs til viðræðna um það efni.

Lange tók því vel en ekki virtist mér hann leggja mikið upp úr því. Ég tjáði ráðherranum, að afstaða Íslands væri sú, að við hefðum litla sem enga herþekkingu; okkur væri ekki til hlítar ljóst, hver hernaðarþýðing lands okkar væri né hvað gera þyrfti til varnar landinu og gæti því farið svo,



að við óskuðum eftir sérstöku samráði við Norðmenn um það atriði.

Lange játaði því einnig en sagði, að Norðmenn hefðu enn ekki íhugað til neinnar hlítar í hverju aðstoð af hálfu Vesturveldanna þeim til handa ætti að vera fólgin. Athugun á slíku mundi einmitt hefjast eftir að úr því vari skorið, hvort skandinaviska varnarbandalagið kæmist á eða ekki.

Ég hafði látið uppi við fulltrúa utanríkisráðuneytisins, sem tók á móti mér á flugvellið, að ég gæti ekki sagt um hversu lengi ég yrði í Noregi fyrr en ég hefði talað við utanríkisráðherra Lange. Ég gæti þessvegna ekki svarað því, hvort ég gæti þegið boð daginn eftir um hádegisboð hjá Noregskonungi.

Lange lét uppi að fyrri braðgi von um, að ég gæti tekið þátt í þessum hádegisverði en nefndi ekki að öðru leyti, að ég dvelði lengur í Oslo, heldur sagði þeim orðum, að hann hefði hreyft því og óskað eftir, að ég ætti kost á að sitja á fundunum um hið skandinaviska varnarbandalag, en Svíar hefðu neitað því, vegna þess að þeir hefðu talið, að slíkt mundi leiða til of mikilla umræðna um Norður-Atlantshafsbandalag.


Ég sagði Lange þessvegna, að ég mundi hverfa frá Noregi strax daginn eftir, en hann sagði, að við mundum hittast um kvöldið í boði hjá sér og mundum við þá geta rætt nánar um þessu efni. Ekki varð það þó, því að í boðinu veik Lange ekki einu orði að þessum efnum, enda virtist hann þá ærnar áhyggjur hafa og sat ýmist á tali við Undén, Rasmussen eða forystumenn flokks síns. Varð ég þess mjög var í samkvæmi þessu, að Norðmenn, sumir að minsta kosti, höfðu þungar áhyggjur um, hvernig horfði í þessu efni og að, einkum Danir, lögðu ríka áherzlu á, að ekki slitnaði upp úr. Norðmenn, a.m.k. Lange, töldu þýðingarlaust, eftir því sem hann hafði sagt mér um morguninn, að halda lengur áfram þessum viðræðum, og



sagði hann Svía hafa sömu skoðun. Réði ég það og af ummæl Svía Eins, er ég þekkti frá fyrri tíð og hitti þarna um kvöldið, að hann taldi ákaflega ólíklegt, að nokkur niðurstæða yrði þessa fundur önnur en sú, að slíta samningavirðum.

Forsæt Stórbingsins, Natvig-Patersen, kom að máli við mig í boði þessu og vékum við meðal annars að þessum efnum. Taldi Stórbingsforsætinn það hafa verið mikla vitleysu að forma sjónarmiðin svo rakilega, sem gert hefur verið í Kaupmannahöfn nokkrum dögum áður, því að nú var norskt sjónarmið og sænskt sjónarmið og ef hvika ætti frá hvoru um sig teldi sá sig láta í minni þokann. Einnig væri komin inn í málið persónuleg prestige atriði o.fl., sem gerði það óþarflega erfitt viðfangs. Það væri að vísu svo, að norski verkamannaflokkurinn væri nokkuð klofinn um málið, en víst væri og að ef horfið væri frá hinu norska sjónarmiði er verið hefði, þá mundu borgaraflokkarnir snúast á móti stjórninni og mikill hluti verkamannaflokksins vera þeim sammála og mundi það að sjálfsögðu valda miklum örðugleikum.

Eftir að samkvæmti þessu lauk hafði ég ekki meiri samgang við norska stjórnálamenn í för minni.





Fimmtudaginn 27. Janúar 1949 átti ég tal, samkvæmt beiðni minni, við Gustav Rasmussen, utanríkisráðherra Dana, á skrifstofu hans. Hann sagði þegar í stað, að hann hefði haft mikið að gera undanfarna daga og hefði enn, og tók síðan að segja mér, án þess að ég spyrði, frá samningaumleitunum um varnarbandalag Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar. Hann taldi, að samningaumleitarnar hefðu leitt til þess, að sjónarmið hinna þriggja ríkja hefðu nálgast. Aðalskoðunar- munurinn nú væri sá, að Norðmenn vildu ekki ganga í þetta varnarbandalag nema því aðeins, að tryggt væri að vestur- veldin, þ.e. Bandaríkin, létu þeim í té vopn, veitti þeim aðstoð í stríði og þar að auki gæfu einskonar garantíur um hjálp þeim til handa, ef á þá yrði ráðist. Svíar teldu þörf á vopnum frá Bandaríkjunum og hefðu ekki á móti að biðja um þau, en teldu ástæðulaust að biðja um þau fyrr en bandalagið væri komið á laggirnar, en væri á móti því að biðja um nokkurar garantíur, enda mundu Bandaríkin - hvað sem öllum fyrirfram samningum liði - koma Norðurlöndunum til hjálpar, ef á þau yrði ráðist. Danmörk vildi umfram allt koma Norðurlanda-bandalagi á og teldi það höfuðvinning, að Svíar vildu yfirleitt vera með í slíku bandalagi. Hann sagði, að sjónarmið dönsku stjórnarinnar kæmu fram í grein, sem í morgun hefði britst í "Socialdemokraten".

Aðspurður af mér svaraði hann, að nánast mætti segja, að sjónarmið dönsku og sænsku stjórnarinnar nú væri hin sömu.

Hann sagði, að verið gæði, að fleiri fundir yrðu haldnir um málið heldur en Oslo-fundurinn. Danir teldu slíkt nytsamlegt og vildu umfram allt koma í veg fyrir, að upp úr slitnaði. Hann sagði, að á þessum fundum hefði ekki verið rætt um afstöðu til Norður-Atlantshafsbandalagsins, en



auðvitað hefði hver stjórn fyrir sig hugsað það mál. Norðmenn mundu ganga í bandalagið, ef upp úr slitnaði, Svíar áreiðanlega ekki. Danir voru óákveðnir, en sjálfur sagðist hann gera ráð fyrir, að hann myndi ekki mala með inngöngu í bandalagið og hafði þó á því ýmsa fyrirvara, sagði skoðanum milli dönsku stjórnsmálaflokkanna um þetta. Hægri og vinstri flokkarnir hafa nokkurn veginn sömu afstöðu og Norðmenn, en mjög margir voru þeirrar skoðunar, að Danir ættu ekki að taka þátt í bandalagi þessu. Auk þess sagði hann dönsku stjórnina ekki vita nóg um, hvað í Norður-Atlantshafs-sáttmálanum mundi felast, en taldi augljóst, að ef byrja ætti á fundum um hvað gera ætti einhverju ríki til hjálpar eftir að á það væri ráðist, þá mundi það verða of seint fyrir Danmörku, því að þá mundi vera búið að taka hana. Ég sagði, að Ísland hvorki vildi né gæti haft áhrif á hvað hin Norðurlöndin gerðu, en við hefðum áhuga fyrir, að ef samningar um Norðurlandabandalagið færi út um þáfur, og ef Noregur og Danmörk hefðu þá viðræður um þátttöku í Norður-Atlantshafsbandalaginu, að hafa samráð við þau, enda teldi Ísland sig enn of lítið vita um þær ráðagerðir til að geta tekið afstöðu til þeirra. Rasmussen spurði að visu, hver afstaða íslensku stjórnarinnar mundi verða, og hlustaði á ummáli mín um, að við vildum hafa samráð við þá hina í þessu tilfelli, en ekki virtist mér hann leggja mikið upp úr því, en ég sagði, að auðvitað færi afstaða íslensku stjórnarinnar að lokum eftir því, hvaða skyldur Ísland yrði að taka á sig, ef það gengi í Norður-Atlantshafsbandalagið, og hvert aukið öryggi það fengi. Rasmussen sagði, aðspurður af mér, að ekki væri hægt að segja, að Bandaríkin hefðu reynt að beita nokkurri pressu á Danmörku um þátttöku í Norður-Atlantshafsbandalaginu, aðeins hefði sendiherrann sagt, að þeir getu þá ekki búið við vopnum, að minsta kosti ekki í fyrstu, en úr því vildi Rasmussen lítið gera, því að bæði þyrfti Danmörk lítið af vopnum á bandarískan



mælikvarða, og Danir mundu hvort eð ekki fá vopn þaðan fyrstu 2 árin. Þá taldi Rasmussen vera ná heldur friðvænlegra en áður í alþjóðamálum. Ekki sagði hann að Rússar hefðu reynt að hafa nein áhrif á þá, heldur aðeins hefði þaðan heyrst almennur propaganda.

Auk þessa máls drápum við í samtalinu aðeins á Grænlandsmálið og skýrði ég nefndarskipunina í því. Auk þess kvartaði ég yfir afstöðu Dana í París til togarakaupa okkar í Englandi. Rasmussen kannaðist við það, hélt að þegar væri búið að kippa því í lag, en lofaði að athuga það.

-----  
Fostudaginn 28. janúar 1949 kl. 9½ f.h. átti ég tal við hr. Halvard Lange, utanríkisráðherra Norðmanna, á skrifstofu hans í Oslo, samkvæmt beiðni minni. Lange átti mjög annríkt. Átti eftir stutta stund að fara á fund með miðstjórn flokks síns.

Lange sagði mér, að haniþbyggist við, að ekki yrði samkomulag um skandinavískt varnarbandalag nema því aðeins, að Bandaríkjastjórn hefði breytt um afstöðu frá því sem verið hefði, en í morgunblöðunum þennan dag væri skýrt frá, að hugsanlegt væri að Bandaríkin mundu láta slíkt skandinavískt varnarbandalag fá vopn, ef það yrði myndað.

Hr. Lange sagði, að þetta kæmi algjörlega í bága við þær fregnir, sem hann hefði haft síðast frá sendiherra Bandaríkjanna í Oslo daginn áður. Ná hefði hann látið spyrja um þetta á ný og ef engin breyting yrði, teldi hann litlar sem engar líkur, að úr skandinavíska barnarbandalaginu yrði. Þá þyrftu Norðmenn eftir viku eða hálfan mánuð að segja til um, hvort þeir vildu taka þátt í samningunum um stofnun Norður-Atlantshafsbandalags. Taldi hann allar líkur til, að svo yrði, en þó mundi það nokkuð fara eftir því, hvað í þessum samningum fælist. T.d. mundu Norðmenn ekki samþykkja



að hafa herstöðvar í landi þeirra á friðartímum. Hitt teldu þeir mjög miklu máli skipta, að áður en til ófriðar kæmi, væri búið að gera ráð fyrir, hvernig aðstoð Vesturveldanna yrði háttað. Skildist mér að synjun Svía á því, að slíkar ráðagerðar setti sér stað, væri ein höfuð ástæðan fyrir því, að ekki myndi samkomulag verða.

Eins hafði ráðherrann daginn áður haldið ræðu um málið í norska Stórbínginu og vékum við að henni. Sagði ráðherrann að þar kæmi skoðun sín og stjórnarinnar fram.

Þá sagði ráðherrann, að nekkur skoðanamunur væri innan norska verkamannaflokksins um afstöðuna til Norður-Atlantshafsbandalags, og gæti sé skoðanamunur orðið stjórninni mjög örðugar. Að vísu væri vitað, að yfirgnafandi meiri hluti þings væri með Norður-Atlantshafsbandalagi, en þessi skoðanamunur innan stjórnar flokksins gæti ef til vill kostað hann meirihluta afstöðu við kosningar.

Hann sagði og, að hugsanlegt væri, að Rússar réðust á Noreg á tímabilinu frá því að Norðmenn segðust vera reiðubúðir til samninga um þessi efni og þangað til að Bandalagið væri komið á, og þyrftu Norðmenn að tryggja sig eftir fönfum og fá aðstoð ef til slíks kæmi. Framhjá þessum möguleika væri ekki alveg hætt að líta.

Ég sagði ráðherranum, að íslenska stjórnin hvorki vildi né gæti haft nokkur áhrif á norsku stjórnina um hverja ákvörðun hún tæki, en ef Norðmenn hefðu í athugun þátttöku í Norður-Atlantshafsbandalagi hefði íslenska stjórnin áhuga fyrir að fylgjast með því og hafa samvinnu við norsku stjórnina ef til kæmi. Væri hugsanlegt, að sérstakir menn kæmi til Noregs til viðræðna um það efni.

Lange tók því vel en ekki virtist mér hann leggja mikið upp úr því. Ég tjáði ráðherranum, að afstaða Íslands væri sú, að við hefðum litla sem enga herþekkingu; okkur væri ekki til hlítar ljóst, hver hernaðarþýðing lands okkar væri né hvað gera þyrfti til varnar landinu og gæti því farið svo,



að við óskuðum eftir sérstöku samráði við Norðmenn um það atriði.

Lange játaði því einnig en sagði, að Norðmenn hefðu enn ekki íhugað til neinnar hlítar í hverju aðstoð af hálfu Vesturveldanna þeim til handa ætti að vera fólgin. Athugun á slíku mundi einmitt hefjast eftir að úr því væri skorið, hvort skandinavíska varnarbandalagið kæmist á eða ekki.

Ég hafði látið uppi við fulltrúa utanríkisráðuneytisins, sem tók á móti mér á flugvellingum, að ég gæti ekki sagt um hversu lengi ég yrði í Noregi fyrr en ég hefði talað við utanríkisráðherra Lange. Ég gæti þessvegna ekki svarað því, hvort ég gæti þegið boð daginn eftir um hádegisboð hjá Noregskonungi.

Lange lét uppi að fyrri braugi von um, að ég gæti tekið þátt í þessum hádegisverði en nefndi ekki að þöru leyti, að ég dvelði lengur í Óslo, heldur sagði þerum orðum, að hann hefði hreyft því og óskað eftir, að ég ætti kost á að sitja á fundunum um hið skandinavíska varnarbandalag, en Svíar hefðu neitað því, vegna þess að þeir hefðu talið, að slíkt mundi leiða til of mikilla umræðna um Norður-Atlantshafsbandalag.


Ég sagði Lange þessvegna, að ég mundi hverfa frá Noregi strax daginn eftir, en hann sagði, að við mundum hittast um kvöldið í boði hjá sér og mundum við þá geta rætt nánar um þessi efni. Ekki varð það þó, því að í boðinu veik Lange ekki einu orði að þessum efnum, enda virtist hann þá ærnar áhyggjur hafa og sat ýmist á tali við Undén, Rasmussen eða forystumenn flokks síns. Varð ég þess mjög var í samkvæmi þessu, að Norðmenn, sumir að minsta kosti, höfðu þungar áhyggjur um, hvernig horfði í þessu efni og að, einkum Danir, lögðu ríka áherzlu á, að ekki slitnaði upp úr. Norðmenn, a.m.k. Lange, töldu þýðingarlaust, eftir því sem hann hafði sagt mér um morguninn, að halda lengur áfram þessum viðræðum, og



sagði hann Svía hafa sömu skoðun. Réði ég það og af ummælum Svía Eins, er ég þekkti frá fyrri tíð og hitti þarna um kvöldið, að hann taldi ákaflega ólíklegt, að nokkur niðurstaða yrði þessa fundur önnur en sú, að slíta sanningaviræðum.

Forset Stórpingsins, Natvig-Patersen, kom að máli við mig í boði þessu og vékum við meðal annars að þessum efnum. Taldi Stórpingsforsetinn það hafa verið mikla vitleysu að forma sjónarmiðin svo rakilega, sem gert hefði verið í Kaupmannahöfn nokkrum dögum áður, því að nú var norskt sjónarmið og sanskt sjónarmið og ef hvika ætti frá hvoru um sig teldi sé sig láta í minni þokann. Einnig væri komin inn í málið persónuleg prestige atriði o.fl., sem gerði það óþarflega erfitt viðfangs. Það væri að vísu svo, að norski verkamannaflokkurinn væri nokkuð klofinn um málið, en víst væri og að ef horfið væri frá hinu norska sjónarmiði er verið hefði, þá mundu borgaraflokkarnir endast á móti stjórninni og mikill hluti verkamannaflokksins vera þeim sammála og mundi það að sjálfsögðu valda miklum örðugleikum.

Eftir að samkvæmti þessu lauk hefði ég ekki meiri samgang við norska stjórnsmálamenn í för minni.






Laugardaginn 5. febrúar 1949 kom hr. Anderssen-Rysst, sendiherri Norðmanna, á skrifstofu forsætisráðherra, samkv. beiðni sinni, og átti þar tal við forsætisráðherra og mig.

Erindi hans var að skýra okkur frá, samkv. fyrirmælum stjórnar sinnar, að Lange utanríkisráðherra Noregs væri í þann veginn að fara til Washington til að ræða þar við stjórnina um ýmis atriði í sambandi við hugsanlega þátttöku í Norður-Atlantshafsbandalagi og enn fremur um það, hvort hugsanlegur væri <sup>stjórnun</sup> ~~vinnun~~ur Bandaríkjanna við varnarbandalag Skandinavísku landanna.

Við ræddum nokkuð málið við sendiherrann og tjáðum honum að ef hr. Lange ætti í þessari ferð leið um Ísland á annari hvorri leiðinni, þá mundum við hafa áhuga fyrir að hitta hann að máli; værum reiðubúnir að fara til Aeflavíkur til að tala þar við hann.

Hr. Anderssen-Rysst tók þessu vel en nokkrum dögum síðar átti hann tal við mig og átti að skila sérstakri kveðju, en því janframt, að Lange mundi ekki að öllu forfallalausum koma við á Íslandi í þessari för.






Þriðjudaginn 8. febrúar 1949 átti Mr.

Butrick, sendiherra Bandaríkjanna, samtal við mig á skrifstofu minni samkv. beiðni sinni.

Er hann hafði lokið erindinu barst talið að Atlantshafssáttmálanum. Þá sagði Mr. Butrick að það málfitt gæti ekki orðið fyrir íslensku ríkisstjórnina þegar á daginn kæmi, að þau atriði varðandi herstöðvar og hersetu hér á landi, sem andstæðingar málsins hefðu fært fram á móti því, væri gjörsamlega tilhæfulaus. Ég sagði, að svo kynni að virðast rökrétt séð, en hætt væri við að andúð sú, sem reynt hefði verið að vekja gegn málinu, kynni að verða því skaðsamleg og nú væri í agitationinni lagt mest upp úr hlutleysi, en ekki því, sem áður hefði verið fram fært.

Í þessu sambandi sagði ég við Mr. Butrick, að mikilvægt væri að íslensku stjórninni væri ekki boðin þátttaka án þess að málið hefði verið frekar rætt við hana en enn hefði verið gert. Fælist þó ekki í þessu að ~~það~~ íslenska stjórnin mundi undir nokkrum kringumstæðum taka þátt í slíkum samningi - það yrði að athugast sjálfstætt á sínum tíma.

Mr. Butrick lofaði að koma því til stjórnar sinnar að frekara samráð yrði haft við okkur um hvenær okkur yrði boðin þátttaka. Hann sagðist sjálfur hafa sagt stjórn sinni að eftir því sem hér hefði komið fram í blaðaskrifum og opinberum ræðum, mætti ætli að íslensk stjórnvöld tækju mála-  
leitun um þátttöku líklega.





Reykjavík, 5. janúar 1949.

Góði vinur,

Ég þakka þér allt gamalt og gott og óska þér og fjölskyldu þinni allra heilla á hinu nýbyrjaða ári.

Ástæðan til að ég skrifa nú er fyrst og fremst sú, að fyrir nokkru hitti ég Mr. Butrick Bandaríkjasendiherra í samkvæmi, og sagði hann mér þá, að hann hefði nýlega fengið bréf frá McKesson, aðstoðarmanni sínum, sem nú er að vinna að Marshall-áttlanarmálum vestur þar. Butrick var ánægður með skýraluna af veru McKessons fyrir vestan og taldi að hann mundi geta gefið þar ýmsar okkur gagnlegar upplýsingar.

Í framhaldi af því sagði sendiherrann svo, að hann hefði orðið þess var að nokkurrar þykkju gætti hjá ECA mönnum í Washington í okkar garð út af fiskisöluinni í haust. Héldu þeir að þeir hafi verið fengnir til að kaupa fiskinn herra verði en vert hefði verið, og tæki þessvegna öðrum ráðagerðum okkar núna verr en áður. Meðal annars varu þeir farnir að tala um, að Íslendingar fengi meiri hjálpað mann heldur en nokkur önnur þjóð og fleira því um líkt. Ég sagði þegar í stað, að auðvitað væri ekki hægt að bera þetta saman þar sem Íslendingar varu svo fáir í gælpistöru landi og hér væri enn flest af því ógert, sem aðrar þjóðir hefðu haft um langan aldur. Mr. Butrick sagði, að allt þetta þyrfti einmitt að skýra fyrir ECA mönnum í Washington og spurði brosandí, hvort ekki væri ágætt ef Thor sendiherra byði nokkrum þessara manna, sem með Íslands mál hefðu að gera, og þá einkanalega hefðu haft fiskisöluina með höndum, heim til sín og veitti þeim þar vel. Nefndi hann þar einkum Fitz-Gerald(?) og einhvern annan, sem ég kannast ekki við nafnið á. Svo var að skilja á sendiherranum, að hann teldi að gestrisni ykkar hjóna og elskulegt viðmót væri öruggasta leiðin til að eyða þeim misskilningi, sem nú virtist upp kominn. Þessari hugmynd, sem mér líst ágætlega á, kem ég hér með áleiðis til þín, og treysti þér til að gera þitt besta til að koma í veg fyrir að úr þessu verði nokkur vandræði.

Það er vitað mál, að Englendingar hafa veitt Bandaríkjamönnum harðar átölur fyrir þessi fiskkaup og hreyfðu ECA menn því við Hans Andersen, þegar hann var vestra á dögum, að ráðlegt væri að Íslendingar lækkuð sjálfir verði góðfúslega og fengi

Herra sendiherra  
Thor Thors,  
Sendiráð Íslands,  
Washington.



miðmálinn í einhverju gjafarformi. Barst þetta síðan í tal við Mr. Buttrick hér, þegar eftir heimkomu Hans Andersens, og sagði ég Mr. Buttrick þegar í stað, að þetta væri ómogulegt vegna þess, að hve mikið hefði verið gert úr þessari sölu hér á sínum tíma og hversu mikil áhrif hún hefði haft í sambandi við álit manna og afstöðu hér til Marshalls-áætlunarinnar. Lét hann sér það fyllilega skiljast og er auðvitað á það að líta, að þó að verð það, sem þú náðir, hafi verið hátt, og herra en menn fyrirfram vonuðast til eða gátu búist við í Bandaríkjunum, er það ekki herra en hið ísáðnaka ábyrgðarverð, sem meginhluti fiskjarins hefur verið seldur á, og hefir tiltölulega lítið lýsi fylgt með í þeim kaupum, a.m.k. í framkvæmd, vegna aflaleysis.

En hvað sem um það er, þá virðast átölur Englendinga samfara því, að þér gafst auðvitað ekki fari á að ræða málið við Bandaríkjamenn ofan í kjölinn, þar sem ávöl þín í Washington varð svo stutt, hafa orðið til þess að einhver broddur er eftir í hugum þeirra, broddur, sem unfram allt verður að eyða. Veit ég að þú tekur ekki þetta sem neina gagnrýni á þínum gjörðum, því að álit okkar á frammistöðu þinni var þvert á móti það, að hún hefði verið þrjúföld, heldur einungis, að ég tel skyldu mína að skýra frá því sem fyrir mín eyru hefur borizt í þessum efnum og srið alvarlegt er.

Þessu náskýlt er þg það sem Hans Anderson varð glögglega var við á ferðalagi sínu, að ECA menn í Washington voru srið fákunnandi um íslensk mál, undruðast hvað Íslendingar stýluðu að gera við allan sinn fisk og fleira því líkt. Þeir höfðu ekki skilning á, að eðlilegt væri að Íslendingar hefðu forgangsástöðu um fiskframleiðslu og sölu sökum allrar aðstöðu sinnar. Það er því vafalaust mikið upplýsingastarfs, sem vinna þarf í Washington gagnvart þessum mönnum.

Ef til vill stendur í einhverju sambandi við allt þetta það, sem ameríski sendiherrann skýrði Þórhalli Ásgeirssyni frá fyrir nokkrum dögum, að hann hafi fengið tilkynningu frá ECA í Washington þess efnis, að ECA mundi ekki geta veitt neina aðstoð í sambandi við byggingu nýrra togara nema að fengnum meðmæla OEEC í París. Tilfni þeirra upplýsinga mun vera það, að sendiherrann hafði skrifað ECA í Washington og París þegar fréttist hvernig undirtektir voru um togara-byggar ríkisstjórnarinnar hjá OEEC, og undirstrikað gagnvart ECA þýðingu togara-bygginganna fyrir Ísland. Í þessu höfðum við sem sagt vanst eindregins stuðnings ~~þess~~ Bandaríkjamanna, enda mundi þátttaka okkar í Marshall-ráðagerðinni fá á sig töluvert annan svip - og ekki líklegan til vinsælda á Íslandi - ef hún ætti að verða til þess, að okkur yrði meinað að koma fram ráðagerðunum um togara-byggingarnar í Englandi, svo sem Parísnefndin lagði til og þér mun fullkunnugt um.



Þá hafa menn hér einnig orðið fyrir vonbrigðum út af því, að ekki hefur enn verið gefinn kostur á "grant", en tilkynnt að við sttum aðeins að fá lán. Slikt er okkur með öllu auðvitað ófullnægjandi og verða fyrirjéðanleg vandræði á næstu mánaðum ef þessu fæst ekki breytt.

Í vestarfor sinni hitt Hans Andersen Benjamin Eiríksson að máli, eða a.m.k. átta þeir rækilegt símasamtal saman. Hafði Benjamin Eiríksson auðsjáanlega verið vel inn í aðstöðu EGA manna til okkar og hugmynd þeirra um að senda sérstaka nefnd hingað til rannsóknar á efnahag landmanna. Hafði Benjamin talað um, að miklu ræðulegra væri að senda fulltrúa frá Alþjóða gjaldþreistofnuninni, þeirri sem hann vinnur við. Þeir kynnu miklu betur skil á öllum þessum málum en EGA menn og þetta mundi lifa mun betur út í augum Íslendinga. Varð Andersen fyrir þeim áhrifum, að Benjamin Eiríksson vildi gjarnan sjálfur vera við slíka rannsókn riðinn og þá sannilega sem skrifari slíkrar nefndar, sem hingað yrði send uppi til rannsóknar og ráðgjafa.

